

Framkvæmdaáætlun Jafnréttisnefndar 2023-24

1. Aðgengismál innan Háskóla Íslands

Það er grundvallaratriði að þau sem að sækja nám við Háskólann, geti nýtt sér allar aðstæður sem að stofnunin býður upp á. Því miður hafa aðgengismál verið verulega ábótavön í gegnum tíðina. Við viljum leggja okkar af mörkunum að gera Háskólann að opnum og aðgengilegum stað sem að allir geta notið.

<i>Markmið</i>	<i>Aðgerðir</i>
Að úttekt á aðgengismálum innan háskólans verði aðgengileg öllum.	Við viljum framkvæma heildræna aðgengisúttekt á öllum byggingum háskólans. Aðgengi að Stúdentakjallaranum er ábótavant, blindraletur vantar víðs vegar um háskólann og það vantar að losna við óþarfa þröskulda. Þetta væri hægt í samvinnu við Ráð um málefni fatlaðs fólks og framkvæmda og tæknisvið.
Vitundavakning um ábótavant aðgengi innan Háskóla Íslands	Við viljum vekja athygli á slæmu aðgengi innan Háskólans með t.a.m. fyrirlesara eða gjörningum innan skólans t.d. með plakötum um óaðgengilegar skólastofur.

2. Andleg veikindi og réttindi nemenda

Við teljum það nauðsynlegt að nemendur við Háskolann geti leitað sér viðeigandi aðstoðar þegar þörf er á. Heilsa stúdenta er mikilvæg og verða stúdentar að geta fengið aðstoð þegar eitthvað bjátar á, hvort sem hún er andleg eða líkamleg.

<i>Markmið</i>	<i>Aðgerðir</i>
Aukin sálfræðiþjónusta fyrir stúdenta	Þrýsta á fleiri sálfræðinga innan HÍ. Mögulega herferð eða gjörningar í samstarfi við Hugarúnu geðfræðslufélag.
Kanna hver réttindi og hvaða úrræði eru til fyrir stúdenta sem glíma við langtímaveikindi eða heilsufarsvandamál.	Kanna hvað stendur stúdentum til boða þegar þau þurfa mögulega að missa úr námi vegna langtímaveikinda.
Standa fyrir fræðslu um mikilvægi andlegrar heilsu.	Vekja athygli á mikilvægi andlegrar heilsu með t.d. herferð með Hugarúnu geðfræðslufélagi. Eða með fyrirlestrum eða gjörningum á háskólasvæðinu. Sjá t.d. Geðheilbrigðisviku í HR.

3. Málefni hinsegin fólks.

Háskólasamfélagið er fallega fjölbreytt. Við viljum að öll séu velkomin í HÍ og að öll séu örugg. Mikilvægt er að hinsegin nemendur finni fyrir því að þarfir þeirra séu ekki hunsaðar og tekið sé eftir kröfum þeirra. Við viljum vinna að því að innan háskólans ríki umburðarlyndi og fagnað sé fjölbreytileikanum.

<i>Markmið</i>	<i>Aðgerðir</i>
Samvinna við Q-félagið	Q-félag hinsegin stúdenta veit best um málefni hinsegin fólks og því viljum við að samstarf milli nefndarinnar og Q sé gott. Við viljum stuðla að auknu samstarfi við Q með t.d. reglulegum fundum og sameiginlegum herferðum.
Fleiri ókyngreind salerni innan HÍ	-Það er óásættanlegt að enn skuli vera mjög ábótavant á aðgengi að ókyngreindum salernum. Við viljum halda áfram að þrýsta á aukningu kynlausra klósetta. -Útbúa kort/yfirlit um ókyngreind salerni.
Hinsegin fræðsla	-Þrýsta á hinsegin fræðslu fyrir starfsmenn skólans sem og stúdenta. Aukning hefur verið í hatursorðræðu gegn hinsegin fólki og hefur m.a. kennari innan Háskólans opinberað slíkt hatur sitt. Við teljum mikilvægt að hinsegin fræðsla sé skylda fyrir starfsmenn. -Hægt væri að hafa samband við S78 varðandi fræðslu og halda mögulega nokkrar fræðslur í samvinnu við þau víðs vegar um háskólasvæðið.
Leiðarvísir um inngildandi texta	Halda áfram með þá vinnu sem jafnréttisnefnd í fyrra hóf. Útbúa leiðarvísir bæði fyrir stúdenta og kennara um hvernig skal gera texta inngildandi með kynhlutlausu tungumáli.
Kynhlutlaust tungumál	Þegar leiðarvísir er tilbúin mögulega prenta út og dreifa um skólann ásamt plakötum um kynhlutlaust mál þar sem fólk er minnt á inngildandi mál.

4. Jafnrétti kynja

Mikilvægt er að halda áfram baráttunni um jafnrétti kynjanna innan Háskóla Íslands. Við viljum tryggja að öll upplifi sig örugg, öll njóti réttinda og njóti að vera nemandi innan Háskóla Íslands

<i>Markmið</i>	<i>Aðgerðir</i>
Öll viti hvert skuli leita	Vekja athygli á því hvar hægt sé að tilkynna ofbeldi af öllu tagi. Hægt að útbúa plaköt eða dreifildi í samstarfi við jafnréttisfulltrúa háskólans.
Fá skoðun um hvað mætti fara betur frá nemendum.	Útbúa könnun sem sýnir hvernig stúdentar skynja jafnrétti innan HÍ. Hægt að skoða þetta í samstarfi við stjórn málafræðideild, og þá sérstaklega sem sitja að kennslu kynjafræði, sjá hvað niðurstöður könnunar segja og vinna að þeim sviðum sem svarendur telja ábótavant.
Samstarf við Femínistafélagið	Stuðla að auknu samstarfi við femínistafélag Háskóla Íslands.

5. Jafnrétti óháð uppruna

Háskóli Íslands er alþjóðlegur skóli og því er mikilvægt að tryggja öllum jafnan aðgang að námi í Háskóla Íslands, óháð uppruna.

<i>Markmið</i>	<i>Aðgerðir</i>
Tryggja lengri próftíma fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku	Vinna með jafnréttisfulltrúum HÍ og nemendaráðgjöfum HÍ til þess að tryggja að nemendur með annað móðurmál en íslensku geti sótt um lengri til þess að geta tryggt að þau standi að sama velli og aðrir nemendur
Útbúa réttindablað eða bækling á ensku.	Erlendir nemar innan HÍ standa oft höllum fæti þegar kemur að þekkingu þeirra á réttindum sínum innan HÍ. Við viljum útbúa dreifildi þar sem öll helstu réttindi koma og dreifa um skólann. Mögulegt samstarfsverkefni með alþjóðanefnd.